# Bréf og skjöl fátækramála. 1847-1893

Aðfnr. 1016, örk 15

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Afr

# Útskript

úr

## lögregluþingbók Reykjavíkur.

Ár 1885 h. 17. april, var lögregluþing sett og haldið á skrifstofu bæjarfógeta í Reykjavík af hinum reglulega dómara E. Th. Jónassen með vottum Þorkeli Þorlákssyni og Fr. Siemsen og var þar þá tekið fyrir að taka

skýrslu um sveitfest
Guðrúnar Guðmundsdóttur

Hún var áminnt um sannsögli í framburði sínum. Hún kvaðst vera 40 ára gl.; fædd á Litlabæ á Vatnsleysuströnd af foreldrum Guðm. Ólafssyni og Gróu Sigurðardóttur. Fermd á Villingaholti í Villingaholtshreppi í Árnessýslu, þaðan fluttist hún suður á Strönd eptir fermingu og var þar 1 ár, þaðan 1 ár að Brattholti Gaulverjabæjarhreppi, þaðan 1 að Sölkutópt á Eyrarbakka 3 ár, þaðan vík hún suður í Reykjavík að Lækjarkoti til Guðrúnar Ólafsdóttur, 1 ár, svo til Ó. Finsen póstm. 1 ár, svo að Kasthúsum hjá Stefáni Jóhannessyni 2 ár, svo hjá frú Sigríði Guðmundsen 1½ ár, svo á Bessastöðum í Gullbryngusýslu 1½, svo til Reykjavíkur til Páls gullsmiðs Eyólfssonar 1 eða 2 ár, svo til Ívars á Seli 2 ár, þaðan 1 ár,

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í Mosfellssveit á Laanesi hjá Jóni Mattíassyni, síðan aptur í Reykjavík til Magnúsar Einarssonar í Kasthúsum, nú á Bjargi, og þar hefði hún verið nú í vor 8 ár og hafi þau átt saman 3 börn utan hjónabands. Uppl. ját. rétt bók.

Rétti sagt slitið.

Frany Siemsen. E. Th. Jónassen

Þorkell Þorláksson.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Guðrún Guðmundsdóttir

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Svarað 3/12 1885

23/11

Ettbf.

Hreppsnefndin í Stokkseyrar hrepp, þ 20ta nóv. 1885. —

NB. Guðrún var ekki flutningsfær!

Herra Bæjarfógeti!

Brjef yðar af 10da þ. m. ásamt með=fylgjandi skuldareikningi til Stokkseyrar=hrepps hefi eg veitt móttöku, og mun ekki vera gott að hafa neitt í móti þeim þó þáir sjeu. En þess vil eg óska að þeir þurfamenn úr Stokkseyrar hreppi er dvelja í Reykjavíkurbæ yrðu framvegis hingað fluttir fátt fra flutningi enn að bæjar=sjóður Reykjavíkur lánaði stórsummur

J. 827/85

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

uppá hrepp vorn af samþykki nefnd-
arinnar hjer. –

Hjer með fylgir ávísun uppá
kaupmann Þorl. Ó. Johnson í
Reykjavík uppá þær 171 kr 47 aur
er reikningarnir hljóða uppá og
vona jeg að bæjarsjóður taki það
gilda borgun.

Einnig eru hjer innlagðar 2 kr 92 aur.
sem borgun actions seðils þess er jeg
hefi fengið frá Bæjarfógetanum,
er óskast endursendur og kvitteraður

Ennfremur fylgir hjer með skýrsla
yfir vörur þær er jeg fjekk fluttar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

frá England í sumar með skipinu „Camoens" til Reykjavíkur. —

Virðingarfyllst:

Einar Jónasson

(Oddviti)

Til
Bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10/10 – 85

Sem svar uppá háttvirt brjef yðar, herra bæjarfógeti, dags. 5. þ. m. skal jeg leyfa mjer að geta þess, að mjer er með öllu ókunnugt um að Guðrún Guðmundsdóttir, sem nýnefnt brjef yðar minnist á, eigi framfærzlurjett í Vatnsleysustrandarhreppi.

Að vísu þykist jeg vita að hún muni vera fædd hjer í hreppi, eins og þjer segið, en nú eru síðan svo mörg ár liðin, að vel getur skeð að hún hafi unnið sjer sveit annarsstaðar.

Jeg hef engin skjöl nje skilríki fengið að sjá, er sanni að hún sje hjer sveitlæg og á meðan get jeg ekki kannast við að hún eigi hjer framfærzlurjett. Þær 15 kr, sem jeg afhenti henni í sumar, voru ekki teknar af sveitarsjóði og geta þær því ekki reiknast sveitarstyrkur til hennar nje barna hennar.

Bj 705/85

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Loks skal þess getið að Magnús Einarsson, sem framan-nefnd Guðrún Guðmundsdóttir er bústýra hjá, hefur bæði skriflega og vottanlega viðurkennt, að hún væri sitt vist-ráðið hjú, þetta yfirstandandi krossmessu-ár, (til næstkomandi 14. Maí) og þyki mjer því næsta ólíklegt að nokkur valdstjórn hafi rjett til að flytja hana lögflutningi fyrst um sinn, alt þangaðtil vistartíminn er á enda, allra síst á meðan ekki er fengin vissa fyrir því hvar hún á framfærzlurjett.

Eptir að jeg hefi fengið að sjá greinilega skýrslu um æfiferil Guðrúnar frá því hún fór hjeðan úr hreppi og til þessa tíma, mun jeg gjöra þær ráðstafanir, sem jeg vona að bæjarstjórn Reykjavíkur geti unað við, svo framarlega sem jeg af skýrslunni get ráðið að Guðrún sje sveitlæg hjer í hreppi; en, sem stendur get jeg ekki fundið mjer

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skilt að veita henni eða börnum hennar styrk, og því síður Magnúsi Einarssyni, sem hún er bústýra hjá.

Vatnsleysustrandarhreppi 8. október 1885.

Guðm. Guðmundsson
(hreppsn. oddviti)

Til
bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6/6

Með heiðruðu brjefi herra Bæjarfógetans, dags. 4. þ. m., er vottorðs míns óskað um, hvort Guðrún sú Guðmundsdóttir, er þjóir sig 40 ára, sje eigi fædd á Litlabæ af hjónunum Guðmundi Ólafssyni og Gróu Sigurðardóttur.

Fyrir 40 árum, eða ár 1845, getur ministerialbókin hjer engrar Guðrúnar Guðmundsdóttur, Ólafssonar, fæddrar í prestakallinu. Hins vegar er innfærð í Ministerialbók Kálfatjarnar prestakalls: 5. nóv. 1843 fædd og 6. s. m. skírð "Guðrún Guðmundsdóttir. Foreldrar: "Hjón og lausthúsmenn í Litlabæ Guðmundur Ólafsson og Gróa Sigurðardóttir".

Kálfatjörn 6. júní 1885

Þ. Thorarensen

Bjf: 533/85 Til

Bæjarfógetans í Reykjavík.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur